



SÝSLUMAÐURINN  
Í REYKJAVÍK

Björgvin E. Vídalín Arngrímsson  
Stararima 55  
112 Reykjavík

Dagsetning 24.6.2014 Tilvísun

Varðar kosningakæru

Vísað er til kosningakæru yðar til sýslumannsins í Reykjavík, dags. 3. júní 2014, þar sem krafist er að kosningar til sveitarstjórnar Reykjavíkur er fram fóru þann 31. maí sl. verði ógiltar og að þær verði endurteknar. Kæran barst sýslumanni þann 4. júní 2014.


Í samræmi við 2.mgr. 93. gr. laga nr. 5/1988 skipaði sýslumaður þriggja manna kjörnefnd til að úrskurða um kæruefnið.

Kjörnefndin hefur nú lokið störfum og afhent sýslumanni úrskurð sem dagsettur er 23. júní 2014.

Meðfylgjandi er úrskurður nefndarinnar ásamt fylgigögnum.

Á það skal bent að samkvæmt 3. mgr. 93. gr. nr. 5/1988 má skjóta úrskurði nefndarinnar til innanríkisráðuneytisins og skal tilkynning um kæru vera komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er kærinni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Sýslumaðurinn í Reykjavík

  
Guðmundur Sophusson



# Úrskurður

Hinn 23. júní 2014 var á fundi kjörnefndar skv. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna tekin fyrir kosningakæra Björgvins E. Vídalín, kt. 300947-4259, kjósanda í Reykjavík, og kveðinn upp svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR

Með bréfi til sýslumannsins í Reykjavík, dags. 3. júní 2014, barst kæra frá Björgvini E. Vídalín um framkvæmd sveitarstjórnakosninga í Reykjavík er fram fóru 31. maí 2014. Kæran var móttækin 4. júní 2014. Í samræmi við 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 skipaði sýslumaðurinn í Reykjavík þann 6. júní 2014 þriggja manna kjörnefnd til að úrskurða um kærufnið. Í nefndina voru skipuð Gunnar B. Eydal hæstaréttarlögmaður, formaður, Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor, og Þórir Hallgrímsson, héraðsdómslögmaður.

### I

#### Kröfugerð

Kærandi gerir þær körfur að kosningar til sveitarstjórnar Reykjavíkur er fram fóru þann 31. maí 2014 verði ógiltar og að þær verði endurteknar.

### II

#### Málsmeðferð

Kjörnefndin óskaði eftir umsögn yfirkjörstjórnar Reykjavíkur með bréfi, dags. 9. júní 2014, sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998. Umsögn dags. 16. júní barst með bréfi þann 18. júní 2014. Með bréfi kjörnefndar 18. júní var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn yfirkjörstjórnar í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Andsvar kæranda við umsögn yfirkjörstjórnar, dags. 19. júní, barst kjörnefndinni þann 20. júní.

### III

#### Málsástæður og lagarök kæranda

Kæra Björgvins Vídalín byggði á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum.

1. Kærandi telur að frambjóðanda sem kjörinn var í Borgarstjórn Reykjavíkur hafi skort kjörgengi en um er að ræða oddvita Framsóknarflokksins og flugvallarvina. Hann kærði einnig kjörgengið til borgarstjórnar Reykjavíkur. Kærandi telur að skortur á kjörgengi oddvitans leiði til þess að ógilda beri kosningarnar enda augljóst að málflutningur hennar hafði mikil áhrif á niðurstöðu þeirra. Kosningaspár hafi bent til tveggja til þriggja prósentu fylgis rúmri viku fyrir kosningar en niðurstaða þeirra hafi verið tæplega ellefu prósentu fylgi. Kærandi telur mjög líklegt að úrslitin hefðu orðið önnur ef yfirkjörstjórn hefði ekki ranglega metið frambjóðandann kjörgengan.

Kærandi byggir kröfu sína á 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1998 um skilyrði kosningaréttar og kjörgengis og vísar til þess að komið hafi fram m.a. í Kvennablaðinu að fyrsti maður á lista Framsóknarflokks og flugvallarvina haldi heimili í Kópvogi og starfi þar. Kærandi vísar til þess að samkvæmt fréttinni hafi oddviti Framsóknarflokksins og flugvallarvina staðfest fyrir yfirkjörstjórn að rétt væri eftir henni haft í fjölmiðlum varðandi búsetu. Fram kom í sömu frétt að yfirkjörstjórn hafi aðeins samþykkt framboðslista Framsóknarflokksins og flugvallarvina með fyrirvara að þessu leyti.

Þá vísar kærandi til 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990 þar sem segir að lögheimili sé sá staður þar sem viðkomandi hefur fasta búsetu. Jafnframt er vísað til 2. mgr. 4. gr. sömu laga.

2. Kærandi telur að annmarkar hafi verið á talningu í Ráðhúsinu á kosninganótt sem gefi tilefni til að efast um að talning hafi verið laus við mistök eða jafnvel misferli.
3. Kærandi telur að það hljóti að leiða til ógildingar kosninganna að dregist hafi í þrjú ár að kjósa yfirkjörstjórn í Reykjavík en skv. 1. mgr. 14. gr. laga um kosningar til

sveitarstjórna skuli yfirkjörstjórn kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn.

4. Kærandi telur að með ákvörðun Hæstaréttar þann 21. janúar 2011 hafi Hæstiréttur mótað nýtt fordæmi um ógildingu kosninga sem kærandi telur bindandi.

Loks vísar kærandi til d-liðar 92. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna um óleyfilegan kosningaáróður og kosningaspjöll.

#### IV

#### Málsatvik

Á fundi yfirkjörstjórnar Reykjavíkur hinn 11. maí sl. var úrskurðað um kjörgengi Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, sem skipar fyrsta sæti á framboðslista Framsóknarflokksins og flugvallarvina.

Um försendur og málavexti segir m.a. í úrskurðinum að yfirkjörstjórn hafi haft til skoðunar og meðferðar hvort umræddur frambjóðandi uppfyllti kjörgengisskilyrði skv. 3. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitastjórna með vísan til þess hvort lögheimilisskráning frambjóðandans að Bólstaðarhlíð 56, Reykjavík, uppfyllti skilyrði laga.

Þá segir að yfirkjörstjórn hafi farið yfir athugasemdir frambjóðandans og eftir skoðun á viðkomandi lagaákvæðum komist að þeirri niðurstöðu að þar sem ákvörðun um réttmæti skráningar lögheimilis heyri ekki undir hana að lögum þá gefi skoðun yfirkjörstjórnar ekki tilefni til annars en að úrskurða frambjóðandann kjörgengan þar sem hún uppfylli kjörgengisskilyrði 3. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 5/1998 um að hafa lögheimili skráð í Reykjavík. Yfirkjörstjórn Reykjavíkur taldi því framboð Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur gilt.

Með vísan til góðra stjórnsýsluhátta taldi yfirkjörstjórn rétt að koma afriti bókunarinnar (úrskurðarins) á framfæri við Þjóðskrá Íslands til þóknanlegrar meðferðar enda heyri lögheimilisskráning undir valdsvið þeirrar stofnunar skv. lögum nr. 21/1990 um lögheimili.

Með bréfi dags. 3. júní 2014 kærði kærandi kjörgengi Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur til Borgarstjórnar Reykjavíkur skv. 25. gr. laga nr. 5/1998, en kæra hans til sýslumanns skv. 93. gr. sömu laga er dagsett sama dag.

Þann 6. júní sl. sendi Þjóðskrá Íslands Sveinbjörgu bréf þar sem vísað var til fyrri bréfaskrifta um að lögheimili hennar væri ranglega skráð í þjóðskrá. Þjóðskrá Íslands staðfesti að í ljósi framlagðra gagna teldi stofnunin ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna skráningar lögheimilis hennar.

Á fundi borgarráðs þann 12. júní 2014 var málið til meðferðar og gerð svohljóðandi samþykkt: „Lagt er fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 9. júní sl., varðandi kæru á kjörgengi ásamt afriti af kæru, dags. 3. júní sl., afrit af kæru til sýslumanns í Reykjavík, dags. 3. júní sl., [e]ndurrit úr gerðarbók, dags. 11. maí með úrskurði yfirkjörstjórnar í Reykjavík og bréf Þjóðskrár Íslands, dags. 6. júní sl. ... Borgarráð staðfestir úrskurð yfirkjörstjórnar frá 11. maí sl. um kjörgengi Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur.“ Þann 16. júní sl. staðfesti Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkt borgarráðs.

Umsögn yfirkjörstjórnar í Reykjavík barst kjörnefndinni þann 18. júní sl. Yfirkjörstjórn vísar þar til úrskurðar síns frá 11. maí sl. og bendir á að engar athugasemdir hafi verið gerðar við þann úrskurð á fundinum af hálfu kæranda sem var umboðsmaður Dögunar við kosningarnar. Vísað er til þess að bréf Þjóðskrár Íslands þar sem ekki séu gerðar athugasemdir við lögheimilisskráningu oddvitans liggi fyrir og að úrskurður yfirkjörstjórnar hafi verið staðfestur í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Yfirkjörstjórn vísar til 25. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna og vekur athygli á að aðeins megi kæra úrskurð sveitarstjórnar skv. 93. gr. laganna ef hann fellur á þá leið að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi. Yfirkjörstjórn lítur svo á að þar sem slíkur úrskurður liggi ekki fyrir þá beri að vísa kærinni frá í úrskurði kjörnefndar.

Yfirkjörstjórn vísar því á bug að annmarkar hafi verið á framkvæmd kosninganna eða á talningu atkvæða og að lokum bendir hún á að engu breyti um lögmati yfirkjörstjórnar þótt kosning hennar hafi farið fram síðar en á fyrsta fundi borgarstjórnar eftir kosningar.

Í andsvari kæranda dags. 19. júní við umsögn yfirkjörstjórnar frá 16. júní gerir hann alvarlegar athugasemdir við nokkra þætti.

Hann greinir frá fundi yfirkjörstjórnar Reykjavíkur þann 11. maí 2014 þar sem úrskurðað var um gildi framboða að umboðsmönnum eða fulltrúum framboða viðstöddum og aðdraganda hans. Hann lýsir fundinum þannig að yfirkjörstjórn hafi lýst framboðin gild og síðan hafi fundi verið slitið. Á fundinum hafi ekki komið fram að vafi gæti leikið á gildi framboðs

Framsóknarflokksins og flugvallarvina og engin gögn hafi legið frammi eða verið kynnt þar að lútandi. Því hafi ekki mátt ætlast til að umboðsmenn gerðu athugasemdir á fundinum.

Kærandi vék að efni 25. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og bendir á að hann hafi lagt inn kæru þann 4. júní en þá hafði Þjóðskrá Íslands ekki úrskurðað um kjörgengi Framsóknarflokks og flugvallarvina og því hafi hann verið í fullum rétti að leggja inn kæru.

Að lokum fjallar kærandi um kosningu yfirkjörstjórnar í Borgarstjórn Reykjavíkur. Kærandi lítur svo á að að lög um kosningar til sveitarstjórna hafi verið brotin þar sem yfirkjörstjórn var skipuð en ekki kosin eins og lög geri ráð fyrir og þremur árum síðar en lög kveði á um. Kærandi telur að vegna þessara lögbrota, þá sé yfirkjörstjórn valda- og umboðslaus og allar ákvarðanir hennar því marklausar.

## V

### Niðurstaða

Samkvæmt 25. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 má skjóta úrskurði yfirkjörstjórnar um kjörgengi til sveitarstjórnar. Samkvæmt ákvæðinu koma álitamál um kjörgengi einungis til umfjöllunar í kjörnefnd skv. 93. gr. laganna sé úrskurður sveitarstjórnar kærður, og því aðeins að sveitarstjórn hafi komist að þeirri niðurstöðu að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi. Kæra kæranda til sýslumanns, dags. 3. júní 2014, lýtur ekki að úrskurði sveitarstjórnar samkvæmt 25. gr. laga nr. 5/1998, enda lá enginn slíkur úrskurður fyrir er kært var. Auk þess staðfesti borgarstjórn úrskurð yfirkjörstjórnar um kjörgengi Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur oddvita lista Framsóknarflokks og flugvallarvina þann 16. júní sl. Kjörnefnd vísar því frá þeim þætti kærunnar er varðar kjörgengi hennar.

Kærandi bendir einnig á að það teljist kosningaspjöll samkvæmt d. lið 92. gr. laga nr. 5/1998 að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um m.a. heimilisfang, sem leiði eða geti leitt til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, en undir það heyrir sérstaklega ef maður telji sig til málamynda eiga lögheimili í sveitarfélagi aðeins til þess að vera settur þar á kjörskrá. Fram er komið að yfirkjörstjórn Reykjavíkur upplýsti Þjóðskrá Íslands um þau álitamál sem risið höfðu vegna lögheimilisskráningar og kjörgengis oddvita lista Framsóknarflokks og flugvallarvina. Eftir athugun á málavöxtum og í ljósi framlagðra

gagna staðfesti Þjóðskrá Íslands, með bréfi dags. 6. júní 2014, að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar vegna skráningar á lögheimili hennar í Reykjavík. Í ljósi niðurstöðu könnunar Þjóðskrár Íslands og þess valds sem henni er falið í lögum nr. 21/1990 um lögheimili telur kjörnefndin lögheimilisskráningu Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur í aðdraganda sveitastjórnarkosninganna ekki kosningaspjöll í skilningi d. liðar 92. gr. laga nr. 5/1998.

Kærandi byggir ennfremur á því að miklir annmarkar hafi verið á talningu atkvæða á kosninganótt, sem gefi tilefni til að ætla að efast megi um að kosningar og talning hafi verið laus við mistök eða jafnvel misferli. Kærandi vísar ekki til tiltekinna atvika kærinni til stuðnings að þessu leyti. Ekkert er fram komið sem styður það að um misferli hafi verið að ræða, en fram hefur komið opinberlega að mistök urðu við talningu sem komu í ljós undir lok hennar. Þau mistök voru leiðrétt áður en úrslit kosninga voru tilkynnt samkvæmt 84. gr. laga nr. 5/1998.

Yfirkjörstjórn var skipuð einu ári fyrir sveitarstjórnarkosningar þann 31. maí 2014. Það er ekki í samræmi við 14. gr. laga nr. 5/1998 sem kveður á um að kjósa skuli yfirkjörstjórn á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn.


Samkvæmt skýru ákvæði 94. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 leiða gallar á framboði eða kosningu ekki til ógildingar kosninga nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna. Það er álit kjörnefndar að þeir ágallar sem fram hafa komið í tengslum við undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík þann 31. maí 2014 hafi ekki haft áhrif á úrslit þeirra. Ekki verður séð að ákvörðun Hæstaréttar Íslands frá 25. janúar 2011 hafi áhrif á þá niðurstöðu.


#### **Úrskurðarorð:**

Kröfu kæranda um ógildingu sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík þann 31. maí 2014 vegna kjörgengis oddvita Framsóknar og flugvallarvina er vísað frá kjörnefndinni.

Kröfu um ógildingu af öðrum ástæðum er hafnað.

Reykjavík, 23. júní 2014.

  
Gunnar B. Eydal formaður

  
Oddný Mjöll Arnardóttir

  
Þórir Hallgrímsson